

Um sjóðinn

Landsbréf – Eignadreifing Langtíma hs. er blandaður fjárfestingarsjóður með virka eignastýringu. Sjóðurinn hentar þeim sem vilja fjárfesta í vel dreifðu og blönduðu safni verðbréfa, sjóða og innlána. Fjárfest er aðallega í innlendum og erlendum sjóðum ásamt hlutabréfum og skuldabréfum. Einnig er fjárfest í innlámum hjá fjármálfyrirtækjum og stökum peningamarkaðsgerningum í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðurinn hefur heimild til fjárfestinga í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Hámarksfjárfesting í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum er 60% af eignum sjóðsins.

Sjóðnum er heimilt að gera afleiðusamninga til áhættuvarna, svo sem til að fastsetja hagnað eða með öðrum hætti lágmarka áhættu vegna verðseifluna og vaxtabreytinga á eignum sjóðsins eða til að draga úr lausafjárhættu. Hluti erlendra eigna sjóðsins eru varðar fyrir sveiflum í gengi krónunnar.


Til skamms tíma má búast við umtalsverðum sveiflum í ávöxtun sjóðsins og ráðlagður fjárfestingartími er a.m.k. 3 ár.

Allar frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í lykluupplýsingum og útboðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is og á afgreiðslustöðum Landsbankans. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér lykluupplýsingar og útboðslýsingu sjóðsins, þá sérstaklega umfjöllun um fjárfestingarstefnu og áhættu.

Almennar upplýsingar

Kennitala:	550811-9950
Stofndagur:	15.11.2011
Grunnmynt:	ISK
Rekstraraðili:	Landsbréf hf.
Vörsluaðili:	Landsbankinn hf.
Söluaðili:	Landsbankinn hf.
Sjóðsform:	Fjárfestingarsjóður
Árangurstengd þóknun:	10% umfram viðmiði - viðmiði er innlánsvextir Seðlabankans en þó að lágmarki 4%
Umsýsluþóknun:	1,25%
Bloomberg auðkenni:	LABRAAF IR
LEI númer:	54930081XZAONHV8IE16
Sjóðstjórar:	Guðný Erla Guðnadóttir Valgarð Briem Guðmundur K. Guðmundsson
Frankvæmdast. Landsbréfa hf.:	Helgi Þór Arason

Eignasamsetning

Flokkur¹

Innlend hlutabréf	37,6%
Önnur skuldabréf	24,8%
Erland hlutabréf	18,7%
Sértryggt skuldabréf	14,2%
Ríkisskuldabréf	3,1%
Innlán og peningamarkaðsgerningar	1,2%
Reiðufé	0,4%
	100,0%

¹ Fjárfestingar í einstökum framangreindum eignaflokkum geta verið beint í viðkomandi eignaflokkum, en einnig í hluteldarskrifteinum verðbréfasjóða og sérhæftra sjóða sem fjárfesta í megindrættum í viðkomandi eignaflokkum.

Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 13:30
Lágmarksskaup:	5.000 kr.
Afgreiðslugjald:	450 kr.
Afgreiðslugjald í áskrift:	100 kr.
Gjald við kaup:	1%
Gjald við kaup í áskrift:	Ekkert
Áskriftarmöguleiki:	Já
Uppgjörstími:	2 bankadagar

Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum ISK:	2.109
Verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns*:	67%
Líftími skuldabréfasafns*:	4,0
Gengi sjóðsins:	21,814
Staðalfrávik ávöxtunar**:	7,65%
Áhættumælikvarði***:	4/7

* Skuldabréfasafn samanstendur af ríkisskuldabréfum, ríkisskuldabréfasjóðum, öðrum skuldabréfum, blönduðum skuldabréfasjóðum, fagfjárfestasjóðum sem fjárfestir í skuldabréfum, peningamarkaðsgerningum og skammtímasjóðum.


** Staðalfrávik ávöxtunar er töfræðileg stærð sem mælir sveiflur frá meðalávöxtun á ársgrundvelli. Staðalfrávik byggir á daglegum gögnum eitt ár aftur í tímann. Núverandi mat á staðalfrávik endurspeglar ekki endilega staðalfrávik í framtíð.

*** Áhættukvarði er mælikvarði á sveiflur í verðmæti eigna sjóðsins. Kvarðinn byggir á mælingum á vikulegum verðseiflum síðustu 5 ára. Því hærri sem sjóður mælist á kvarðinum, því meiri sveiflur hafa verið í verðmæti eigna hans. Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki „áhættulaus“. Áhættuflokkunin er ekki tryggð og gæti breyst.

10 stærstu eignir

Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf	18,0%	Landsbréf - Markaðsbréf sértryggt	2,8%
HEKLA fagfjárfestasjóður	14,2%	Seilern - World Growth (USD)	2,7%
Landsbréf - Öndvegisbréf	11,8%	Sértryggt skuldabréf Íslandsbanka CBI 28	2,6%
T.Rowe Price - Global Equity Fund (USD)	9,1%	Lánasjóður Sveitarfélaga, verðtryggt 150434	2,5%
Landsbréf - Úrvallsbréf	8,9%	Trowe Price - EM Equity Fund (USD)	2,2%

Árangur sjóðsins



Gengisþróun

Nafnávöxtun

Frá áramótum	3,36%
1 ár	26,38%
2 ár*	14,15%
3 ár*	11,48%
4 ár*	8,18%
5 ár*	5,65%

* Meðaltal nafnávöxtunar á ársgrundvelli

Áhætta

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Hluteldarskrifteini sjóðsins geta lækkað í verði ekki síður en hækkað og eru því ekki áhættulaus, fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir.

Markaðsáhætta fylgir öllum fjármálagerningum og er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla til dæmis vaxtaáhætta og gengisáhætta.

Skuldaráhætta er í sjóðnum og er sú áhætta að útgefandi skuldabréfs, peningamarkaðsgernings eða innláns standi ekki við skuldbindingar sínar og fjárfesting tapist því að hluta eða öllu leyti.

Rekstraráhætta er í sjóðnum, fjármunir gætu tapast vegna ófullnægjandi innri ferla og mannglegra mistaka eða vegna ytri atburða, þ.m.t. vegna vörslu eigna vegna gjaldþrots eða vanrækslu af hálfu vörsluaðila.

Uppgjöráhætta er til staðar ef mótaðili í viðskiptum stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör viðskipta á sér stað eða afhendir ekki fjármálagerning á réttum tíma.

Gjaldmiðlaáhætta er í sjóðnum, fjárfest er í fjármálagerningum í erlendra mynt.

Nánari upplýsingar um áhættuþætti má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Hafðu samband

Verðbréfa- og lifeyrissþjónusta Landsbankans

Austurstræti 5, 155 Reykjavík

Sími: 410 4040

www.landsbankinn.is

www.landsbref.is

Skattalegar upplýsingar

Teigur af hluteldarskrifteinum eru skilgreindar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hluteldarskrifteini eru innleyst. Skattthlutfall þetta er nú 22%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður og starfræktur í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæftra sjóða og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Rekstraraðili sjóðsins er Landsbréf hf. og vörsluaðili er Landsbankinn hf. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Nánari upplýsingar um sjóðinn og áhættuþætti eru í útboðslýsingu sjóðsins og lykluupplýsingum sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér þær vel áður en fjárfest er í sjóðnum. Þær upplýsingar sem koma fram í þessu skjali byggja á óendurskoðuðum gögnum úr bókhaldi sjóðsins. Upplýsingarnar eru því birtar með fyrirvara um réttmæti þeirra.

Fjárfestingarheimildir	Hlutfall	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	42,1%	0%	60%
Skuldabréf, innlán og peningamarkaðsgerningar	41,9%	40%	100%
Innlán/peningamarkaðsgerningar	1,2%	0%	100%
Ríkisskuldabréf	3,1%	0%	100%
Sértryggð skuldabréf	14,2%	0%	45%
Önnur skuldabréf	23,4%	0%	30%
Aðrir sérhæfðir sjóðir en fjárfestingarsjóðir	15,6%	0%	20%
Reiðufé	0,4%		

Fjárfestingar í framangreindum eignaflokkum geta jafnt verið í innlendum fjármálagerningum sem og erlendum fjármálagerningum, þó þannig að heildarfjárfesting í erlendum fjármálagerningum skal ekki vera umfram 70% af heildareignum og þar af að hámarki 30% í skuldabréfum og 40% í hlutabréfum. Gildir um slíka fjármálagerninga að þeir séu skráðir eða um sé að ræða fjárfestingu í verðbréfasjóðum sem fjárfesta fyrst og fremst í skráðum fjármálagerningum.

Stærstu útgefendur	Markaðsvirði	Hlutfall
Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf.	1.202.718.770	57,0%
T Rowe Price Funds	238.449.382	11,3%
Íslandsbanki hf.	192.819.749	9,1%
Seilern Investment Management (Ireland) Limited	57.418.568	2,7%
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	53.152.059	2,5%
Arion banki hf.	47.869.549	2,3%
Reitir fasteignafélag hf.	42.252.731	2,0%
LGT Capital Partners	40.268.082	1,9%
Ríkissjóður Íslands	37.810.727	1,8%
UBP Asset Management (Europe) S.A.	32.299.515	1,5%
Samtals:	1.945.059.132	92,2%

Ef frekari upplýsinga er óskað um málefni sjóðsins vinsamlegast hafið samband við verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans í síma 410 4040 eða með tölvupósti á vi@landsbankinn.is